

Nd.

483. Frumvarp til laga

[162. mál]

um breyting á læknaþingarlögum, nr. 16 9. apríl 1955.

Flm.: Gunnlaugur Þórðarson.

1. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, sem verði 10. gr., svo hljóðandi:

Í læknishéruðum, sem eigi hafa sjúkrahús eða sjúkraskýli innan sinna takmarka, skal leggja héraðslækni til nauðsynleg lækningatæki. Kostnað við kaup á tækjunum skal greiða að $\frac{2}{3}$ hlutum úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{3}$ úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum. Með reglugerð, er landlæknir semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hvaða lækningatæki sé skylt að hafa í læknishéruðum þeim, er ákvæði þessi taka til, og sé þar einnig kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vafalaust munu fáir menn gera sér grein fyrir því, að hvorki hvílir skylda á hlutaðeigandi héraðslækni né heilbrigðisstjórn að hafa tiltæk nauðsynleg lækningatæki í læknishéruðum. Vissulega er bæði kostnaðarsamt og oft torvelt fyrir unga lækna að koma sér upp nauðsynlegum lækningatækjum. Hins vegar er bæði eðlilegt og nauðsynlegt, að heilbrigðisstjórnin sjái svo um, að læknishéruðum, sem hvorki hafa sjúkrahús né sjúkraskýli innan sinna takmarka, fylgi slík tæki. Vafalaust gæti það einnig greitt fyrir því að fá lækna til starfa í strjálbýlinu. Segja má og með sanni, að almenningur í hverju læknishéraði eigi heimtingu á því, að hlutaðeigandi héraðslæknir hafi til taks öll þau tæki, sem óhjákvæmileg þykja á hverjum tíma til læknisaðgerða, og jafnframt mundi það skapa aukið öryggi í strjálbýlinu, að vel sé fyrir öllu séð, þegar um mannlíf er að tefla. Gera má ráð fyrir því, að öll sjúkrahús og sjúkraskýli eigi sjálf öll nauðsynleg lækningatæki, og því ekki eins aðkallandi, að embættum héraðslækna í þeim héruðum fylgi slík lækningatæki.

Telja má víst, að það komi helzt í hlut þeirra læknishéraða, sem hafa lítið fjárhagslegt holmagn, að leggja til umrædd tæki, og því er eðlilegt, að ríkissjóður hlaupi undir bagga á svipaðan hátt og þegar koma skal upp sjúkraskýli.